



Fréttabréf um kjaramál

1. tbl 2003 ábyrgðarmaður Már Guðnason
Hönnun Halldóra Guðlaug

Efst sést nýtt merki félagsins hannað af Knúti Scheving á Hellu

Verkalýðsfélag Suðurlands leggur áherslu á að koma upplýsingum til félagsmanna sinna á sem víðtækasta máta og ætlar því að gera tilraun með útgáfu fréttabréfs eins og þessa, nokkrum sinnum á ári.

Þetta er fyrsta bréfið sem kemur nú fyrir sjónir ykkar og vonum við að þetta mælist vel fyrir.

Það er ljóst að enginn getur sagt til um hversu oft eða sjaldan bréfið mun koma út, einungis tíminn mun leiða það í ljós.

VERÐI FÉLAGSMENN VARIR
VIÐ AÐ ÞEIR FÁI EKKI
FRÉTTABRÉFIÐ.

VINSAMLEGA HAFIÐ
SAMBAND VIÐ SKRIFSTOFU
OG BLAÐIÐ VERÐUR SENT
UM HÆL.

Verkalýðsfélag Suðurlands
Suðurlandsvegi 3
850 Hella
Sími : 487-5000, fax 487-5003
Netfang : vr@snertill.is

Þann 1. desember 2001 sameiuðust 3 verkalýðsfélög í eitt, þau félög voru Verkalýðsfélagið Rangæingur, Verkalýðsfélagið Víkingur og Verkalýðsfélagið Samherjar úr varð Verkalýðsfélag Suðurlands. Skráðir félagsmenn eru 652 talsins en greiðendur til félagsins árið 2002 voru á milli 1100 og 1200 manns.

Starfsmenn félagsins eru 4, í mismunandi stöðugildum.

Skrifstofan á Hellu er opin mánud til föstud frá 9-16, skrifstofan í Vík er opin fimmtudaga frá 16-19.

LÍMMIÐI
NAFN FÉLAGSMANNS
HEIMILISFANG
STAÐUR

Starfsmenn og netföng þeirra;

Már Guðnason (formaður)

Netfang : vs.mar@snertill.is

E. Tryggvi Ástþórsson (varaform)

Netfang : vs.tryggvi@snertill.is

Halldóra Guðlaug (gjaldkeri)


Netfang : vs.halldora@snertill.is

Guðrún Elín Pálsdóttir

Netfang : vs.gudrun@ask.is

Hækkun launa

1. jan 2003



Launamenn á almennum vinnumarkaði og ríkinu.

Hækkun launa 1. jan 2003 er að lágmarki 3.15 % á öll laun. Mánaðarlaun sem fóru yfir 100.000 á síðasta ári (2002) hækka um 3,15%, mánaðarlaun sem voru lægri hækka meira, en þó mest um 6,20%

Þeir launa menn sem eru neðar en 100.000 geta haft samband við Vlf. Suðurlands til að fá nákvæmar upplýsingar um hækkunarir.

Launamenn hjá sveitarfélögum

Hækkun launa 1. jan 2003 er 3,00% á öll laun.

Úthlutunarreglur orlofshúsa/vagna

1. Skráðir félagsmenn hafa forgang við úthlutun.
2. Sækja verður um fyrir 15. maí ár hvert.
3. Ganga þarf frá leigusamningi og greiðslu fyrir 1. júní ár hvert.
4. Frá 13. júní 2003 til 15. ágúst 2003 er eingöngu boðið upp á vikuleigu. (bæði í hús og vagna)

Bifreiðagjald, ef eigin bifreið er ekið í þágu vinnuveitanda.
Gildir frá 1. nóvember 2002.

Almennt kílómetragjald	53,50	fyrir hvern ekinn km.
Frá 10.000 til 20.000 km	48,00	fyrir hvern ekinn km.
Umfram 20.000 km	42,50	fyrir hvern ekinn km.

Við útreikning á sérstöku gjaldi skal bæta 15% álagi á almenna gjaldið (malarvegir 61,53)

og við útreikning á torfærugjaldi skal bæta við 45% á almenna gjaldið.

Vinnutímabók til allra skráðra félagsmanna.

Í lok desember var send út vinnutímabók til þeirra félagsmanna sem hafa skráð sig í félagið, þ.e fyllt út inngöngubeiðni.

Þeir sem enn eiga eftir að skila inn umsóknum um félagsaðild er bent á trúnaðarmann/menn vinnustaða, sem og skrifstofur félagsins á Helli og í Vík.

Fax-nr. 487-5003 Hella,
fax 487-1151 Vík

Í tengslum við útgáfu bókarinnar verður happdrætti, þar sem í vinning verður 1 vika í einu af tveimur sumarhúsum okkar, dregið verður út á aðalfundi félagsins fyrir lok apríl. Vinningshafi lýtur sömu úthlutunarreglum vegna orlofsíbúðanna og aðrir.

ATH happdrættisnúmerið er á fyrstu blaðsíðu í vinnutímabókinni

Aukinn réttur foreldra til fæðingarorlofs

Í maí 2000 voru samþykkt á Alþingi ný lög um fæðingar- og foreldraorlof. Lögin eru tilkomin vegna ötular vinnu ASÍ að þessum málaflokki. Helstu markmiðin með þessum lögum eru að tryggja rétt barns til að njóta samvista við báða foreldra og að gera körlum og konum mögulegt að samræma fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku.

Lögin gera ráð fyrir samtals níu mánaða tekjutengdu orlofi foreldra. Foreldrar í fæðingarorlofi halda 80% af þeim heildartekjum sem þeir höfðu að meðaltali á mánuði frá því 14 mánuðum fyrir fæðingu, þar til tveimur mánuðum fyrir fæðingu barns. Í lögnum er kveðið á um þriggja mánaða sjálfstæðan rétt föður og sameiginlegan eða skiptanlegan rétt sem er þrjú mánuðir. Sjálfstæði rétturinn er ekki framseljanlegur.

Hægt er að finna lögin í heild sinni á vef ASÍ www.asi.is og smella á allt um fæðingarorlof (mynd af stork)

Skattaprósenta og persónuafsláttur

Skattaprósenta fyrir árið 2003 er 38,55%, skattaprósenta fyrir 2002 var 38,54%

Persónuafsláttur er 26.825 kr á mánuði fyrir 2003, persónuafsláttur var 26.002 fyrir 2002.

Þetta er hækkun um 3,1651% eða 823 kr fyrir hvern mánuð.

Sjúkrasjóður Vlf. Suðurlands

Sjúkrasjóði er ætlað að aðstoða

félagsmenn, sem veikst hafa eða slasast, í formi sjúkradagpeninga.

Sjúkradagpeningarnir miðast við atvinnuleysisbætur hverju sinni (1.jan 2003 eru fullar atv.l.bætur 77.449).

Úthlutun fer eftir reglum sjóðsins hverju sinni.

Þeir sem eiga rétt í sjóðnum eru þeir sem vinnuveitandi hefur greitt af í þrjú mánuði til sjóðsins, eða lengur og eru búnir með veikindarétt hjá vinnuveitanda. Hægt er að flytja réttindi milli sjóða sumra félaga. Einnig veitir sjúkrasjóður Vlf. Suðurlands félagsmönnum ýmsa styrki.

Ef þú telur þig eiga rétt hafðu samband og athugaðu málið.

Trúnaðarmenn á vinnustöðum

Starfsmönnum er heimilt að kjósa einn trúnaðarmann á hverjum vinnustað þar sem starfa 5 til 50 starfsmenn og tvo trúnaðarmenn séu starfsmenn fleiri en 50. Að kosningu lokinni tilnefnir viðkomandi verkalýðsfélag trúnaðarmennina. Verði kosningu eigi við komið skulu trúnaðarmenn tilnefndir af viðkomandi verkalýðsfélagi.

Trúnaðarmenn verði eigi kosnir eða tilnefndir til lengri tíma en tveggja ára í senn.



Félag til framtíðar

Áhugavert fyrir nettengda félagsmenn

www.asi.is vefur
Alþýðusambands Íslands

www.sgs.is vefur
Starfsgreinasambands Íslands.

www.landsmennt.is vefur
Starfsmenntasjóðs
Landsmenntar

FRÁ LÍFEYRISSJÓÐI RANGÆINGA A.T.H A.T.H

Þeir launþegar sem EKKI eru nú þegar með séreignarsparnað hjá viðurkenndum aðilum. Eiga rétt á að Vinnuveitandi greiði 1% af heildarlaunum í séreignarsjóð, án sérstaks framlags frá launþega. Tók gildi 1.íúli 2002

Lágmarksfélagsgjald

Lágmarksfélagsgjald er 5.328 krónur og allir sem hafa greitt þá upphæð geta fyllt út inngöngubeiðni til að ganga formlega í félagið og fá þá félagsskírteini og tímabók. Inngöngubeiðnir er hægt að fá hjá trúnaðarmönnum, sent með faxi eða á skrifstofum félagsins

ATH ekki er hámarksgjald á félagsgjöldum hjá Vlf. Suðurlands.

LANDSMENNT HVAD ER ÞAÐ ?

Krónutölur miðast við 1. jan 2003 og geta tekið breytingum.

Landsmennt er sjóður sem styrkir félagsmenn Verkalýðsfélaga á landsbyggðinni til starfsnáms. Þeir sem eiga rétt á úthlutun úr sjóðnum eru þeir sem hafa greitt í 12 mánuði eða lengur til verkalýðsfélags. 10.400 eða meira í greidd félagsgjöld gefur rétt til fulls styrks. Sem er nú, krónur 35.000 eða 75% af námskeiðsgjaldi. Þeir sem eru undir 10.400 í félagsgjöld fá greitt hlutfallslega. Hægt er að flytja réttindi milli sumra félaga.

Öll tölvu og tungumála námskeið eru styrkt sem og mörg starfstengd námskeið. Einnig eru vinnuvélanámskeið styrkt. Námskeið til aukinna ökuréttinda er sér á parti en fullur styrkur fyrir alla þættina eða hluta þeirra, er 42.500 og er miðað við sömu úthlutunarreglur. Styrkur til aukinna ökuréttinda er aðeins greiddur einu sinni. Tímabilið er frá september til september og er hægt að sækja um styrki fyrir fleiri en eitt námskeið eða þar til 35.000 krónum er náð. Þegar svo september 2003 kemur hefst nýtt tímabil.

Hafið samband og kynnið ykkur málið....